

## Talmeinafræðingur

Staða talmeinafræðings við Leikskólann Bergheima og Grunnskólann í Þorlákshöfn er laus til umsóknar.

Um er að ræða 50% stöðu og er æskilegt að viðkomandi geti hafið störf 1. janúar 2023. Fyrir í starfi er talmeinafræðingur í 50% starfi við skólana og mun nýr starfsmaður vinna í nánú samstarfi við núverandi talmeinafræðing (teymisvinna).

### Helstu verkefni og ábyrgðarsvið:

- Vinna að snemmtækri íhlutun í málþroska og stuðla þannig að fyrirbyggjandi aðgerðum sem komið geta í veg fyrir langvarandi námsvanda.
- Veita ráðgjöf til foreldra og starfsfólks um málþroska og frávík í málþroska og leiðir til að efla hann.
- Þátttaka í þverfaglegri vinnu í leik- og grunnskóla.
- Koma að móttöku barna með annað tungumál.
- Gera málþroska- og framburðargreiningar og sinna þjálfun og eftirfylgd.

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Meistarapróf í talmeinafræði er skilyrði en leyfi til að starfa sem talmeinafræðingur er æskilegt.
- Færni í mannlegum samskiptum.
- Sjálfstæði í vinnubrögðum, frumkvæði og skipulagshæfni.
- Hæfni til að sinna fræðslu og ráðgjöf til foreldra- og starfsmannahópa.
- Reynsla af sambærilegu starfi er æskileg.

**Umsóknarfrestur um starfið er til og með 1. desember 2022.**

**Nánari upplýsinga veita:** Guðni Pétursson sviðsstjóri fjölskyldu- og fræðsluviðs [gudni@olfus.is](mailto:gudni@olfus.is) 480-3800 og Ólína Þorleifsdóttir skólastjóri grunnskólans [olina@olfus.is](mailto:olina@olfus.is) eða í síma 861-1732.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og hlutaðeigandi stéttarfélag.

Áhugasamir einstaklingar, án tilliti til kyns, eru hvattir til að sækja um.

Umsækjendur eru beðnir um að sækja um rafrænt á heimasíðu Ölfuss <https://www.olfus.is/>. Umsókn skal fylgja ítarleg starfsferilskrá.